



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Ársskýrsla

Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

2010



Velferðarsvið Reykjavíkurborgar

Ábyrgðarmaður: Hulda Dóra Styrmisdóttir

Hönnun og umbrot: Biggarnir

Ljósmyndir: Sigurður Þór Baldvinsson og fleiri

Prófarkalestur og þýðing: Helga Soffía Einarsdóttir

Prentun:

Ljósmyndir í skýrslunni eru af mannlífi o.fl. í Reykjavík og tengjast ekki efnisflokkum skýrslunnar beint.

Ársskýrsla

Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

2010

Efnisyfirlit

Ávarp sviðsstjóra	5
Skipurit Velferðarsviðs	6
Hlutverk Velferðarsviðs	6
Velferðarráð Reykjavíkurborgar	7
Barnaverndarnefnd Reykjavíkur.....	8
Helstu nýmæli.....	9
Chief Innovations	13
Mannfjöldi í hverfum Reykjavíkurborgar	17
Þjónusta	19
Fjárhagsaðstoð	21
Húsnæði	26
Ráðgjöf og sérfræðiþjónusta.....	37
Barnavernd Reykjavíkur	40
Starfsemi vegna barna og unglinga.....	43
Þjónusta við fólk í heimahúsum	45
Félagsstarf	51
Fjármál.....	52
Helstu lykiltölur 2008, 2009 og 2010	53



Ávarp sviðsstjóra

Miklar breytingar hafa orðið á umfangi þjónustu Velferðarsviðs á síðast liðnum þremur árum. Þörf fyrir ýmsa þjónustubætti sviðsins hefur aukist verulega vegna afleiðinga efnahagsvandans en einnig hafa ný verkefni bæst við þjónustuframboð sviðsins. Á árinu 2010 var því áfram unnið að forgangsriðun verkefna með það í huga að geta veitt góða velferðarþjónustu.

Lögð var áhersla á að vakta aðstæður og breytingar í þróun þjónustunnar samhliða aðhaldi í fjármálum vegna efnahagsvanda. Unnið var markvisst gegn langtíma vanda með öflugri félagslegri ráðgjöf og stuðlað var að virkni þeirra sem búa við atvinnuleysi. Þróun sameinaðrar heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu yfir í heildstæðari þjónustu hélt áfram og unnið var að yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks en málaflokkurinn fluttist yfir til sveitarfélaga 1. janúar 2011.

Velferðarþjónusta snertir alla íbúa Reykjavíkurborgar, ýmist beint vegna félags- eða fjárhagslegra erfiðleika, öldrunar, fötlunar eða veikinda eða óbeint þegar íbúar eru aðstandendur þeirra sem þurfa á þjónustu að halda eða þeir njóta góðs af margvíslegu samstarfi eða félagsauðsverkefnum þjónustumiðstöðva í hverfum borgarinnar.

Breytingar urðu á meirihluta í borgarstjórn á miðju ári þegar Besti flokkurinn og Samfylkingin mynduðu meirihluta í borginni. Nýtt velferðarráð tók til starfa í lok júní. Verkefni Velferðarsviðs eru að stærstum hluta lagaskyld grunnþjónustuverkefni eða hafa orðið til vegna brýnnar þarfar eða stefnu borgaryfirvalda. Því ber að fagna að þverpólitískur vilji hefur verið til að vernda velferðarþjónustuna eins og frekast er kostur á þeim erfiðu tímum sem ríkt hafa í íslensku samfélagi. Þrátt fyrir það hefur Velferðarsvið þurft að forgangsraða verkefnum mjög stíft til að tryggja það að mæta megi aukinni þjónustubörf.

Með yfirfærslu málefna fatlaðs fólks til Reykjavíkurborgar fjölga starfsmönnum Velferðarsviðs um u.þ.b. 550 og eru starfsmenn sviðsins að henni lokinni um 2200 talsins. Starfseiningar sviðsins eru rúmlega 100, þar af um 70 sem veita sólarhringsþjónustu. Notendum sem fá þjónustu frá Velferðarsviði fjölga því umtalsvert við yfirfærsluna. Markmiðið með yfirfærslu á þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga er að einfalda og bæta þjónustuna við þennan hóp. Borgarstjórn hefur samþykkt metnaðarfulla framtíðarsýn í þjónustu við fatlað fólk og er samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og hugmyndafræðin um sjálfstætt líf leiðarvísir í þróun þjónustu borgarinnar við fatlað fólk til framtíðar. Í því felst viðurkenning á sjálfstæðu lífi á eigin forsendum, jöfn tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu, réttur til aðstoðar við að lifa innhaldsríku lífi og viðurkenning á

fjölbreytileika mannlífsins og mannréttindum allra. Þrátt fyrir erfitt efnahags-ástand og mikla kröfur um hagræðingu í rekstri borgarinnar var í lok árs 2010 ákveðið að hækka grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til framfærslu um 19%. Tæplega 18% aukning var á fjölda þeirra sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu í Reykjavík á milli árunna 2009 og 2010 en frá árinu 2007 hefur aukning í fjölda þeirra sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu í Reykjavík verið 77%. Stór hluti þeirra sem fékk fjárhagsaðstoð á árinu 2010 eða tæp 60% voru atvinnuleitendur sem engan eða lítinn rétt höfðu til atvinnuleysisbóta. Á árinu voru ráðnir virkniráðgjafar á þjónustumiðstöðvar borgarinnar og var unnið markvisst að því að auka virkni bótaþega þannig að fólk sé betur í stakk búið til atvinnuleitar eða náms.

Á árinu 2011 verður það áfram veigamikið verkefni að styðja af krafti við virkni fólks og sporna þannig gegn langvarandi félagslegum og fjárhagslegum afleiðingum atvinnuleysis. Þröngt er um mörg íslensk heimili og verður sá stuðningur sem sækja má til þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar, Barnaverndar og Heimaþjónustu Reykjavíkur sífellt mikilvægari fyrir íbúa borgarinnar.

Almennt er því hægt að horfa glaður um öxl þegar litið er á starfsárið. Vel gekk að veita þjónustu á árinu enda lagði starfsfólk Velferðarsviðs sig fram um að aðlagja þjónustuna breyttu samfélagi. Vel gekk að halda rekstri sviðsins innan fjárhagsramma og má það þakka samstilltu átaki allra stjórnenda og starfsmanna sviðsins. Almennt jókst þó spurn eftir þjónustu Velferðarsviðs og mál virtust þyngri og erfiðari úrlausnar en áður. Aukningin var mest í þjónustu sem tengist félagslegri ráðgjöf, fjárhagsaðstoð og húsaleigubótum.


Margar stofnanir, svið og frjáls félaga- og hagsmunasamtök vinna með Velferðarsviði að verkefnum og þjónustu við íbúa Reykjavíkurborgar á ári hverju og vil ég þakka þeim samstarfið á árinu. Starfsfólki Velferðarsviðs vil ég þakka frábært samstarf á árinu og ómælt vinnuframlag í þágu íbúa Reykjavíkurborgar.

Velferðarsvið gengur inn í nýtt ár með bjartsýni og jákvæðni í huga, þjónusta Velferðarsviðs verður áfram veitt af metnaði og fagmennsku þrátt fyrir erfitt efnahagsástand.

Stella K. Viðisdóttir
sviðsstjóri Velferðarsviðs



Skipurit Velferðarsviðs



Hlutverk Velferðarsviðs

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar fer með ábyrgð á velferðarþjónustu borgarinnar, þ.m.t. félagsþjónustu og barnavernd. Í því felst stefnumótun í velferðarmálum, áætlanagerð, samþætting velferðarþjónustu, eftirlit í samræmi við lög, reglur, samþykktir og pólitíska stefnu í velferðarmálum, mat á árangri, þróun nýrra úrræða og leiða og loks gerð þjónustusamninga við þriðja aðila um framkvæmd þjónustu. Velferðarsvið vinnur með velferðarráði og barnaverndarnefnd.

Framkvæmd velferðarþjónustu fer fram á þjónustumiðstöðvum í hverfum borgarinnar, hjá Barnavernd Reykjavíkur og hjá Heimþjónustu Reykjavíkur.

Þjónustumiðstöðvar eru sex og sinna þjónustu við einstaklinga og fjölskyldur, félagsráðgjöf, sálfræðiþjónustu, sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla, frístundaráðgjöf og almennri upplýsingagjöf um starfsemi og þjónustu Reykjavíkurborgar. Á þjónustumiðstöðvum fer fram þverfaglegt samstarf þar sem lögð er áhersla á samþætta nærþjónustu. Þær bera jafnframt ábyrgð á framkvæmd forvarnastefnu borgarinnar, samþættingu margvíslegrar þjónustu og vinnu með hverfaráðum. Velferðarsvið sér einnig um rekstur hjúkrunarheimila, átaksverkefni á sviði endurhæfingar og ber ábyrgð á heildstæðu forvarnastarfi í Reykjavík.

Velferðarráð Reykjavíkurborgar



Á árinu 2010 hélt velferðarráð 29 fundi.

Í velferðarráði fram til 15. júní sátu eftirtaldir fulltrúar:

Jórunn Frímannsdóttir formaður
Sif Sigfúsdóttir
Eiríkur Sigurðsson
Jóhanna Hreiðarsdóttir
Björk Vilhelmsdóttir
Marsibil Sæmundardóttir
Drífa Snædal

Varamenn

Elínbjörg Magnúsdóttir
Kristján Guðmundsson
Salvör Gissurardóttir
Hallur Magnússon
Guðlaug Magnúsdóttir
Þórir H. Guðmundsson
Elín Sigurðardóttir

Áheyrnarfulltrúi

Gunnar H. Hjálmarsson

Varamaður áheyrnarfulltrúa

Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir

Í velferðarráði eftir 15. júní sátu eftirtaldir fulltrúar:

Björk Vilhelmsdóttir formaður
Margrét Kristín Blöndal
Ágúst Már Garðarsson
Bjarni Karlsson
Áslaug María Friðriksdóttir
Jórunn Frímannsdóttir
Þorleifur Gunnlaugsson

Breytingar á skipan fulltrúa

Geir Sveinsson tók sæti Jórunnar Frímannsdóttur 1. júlí
Elsa Hrafnhildur Yeoman tók sæti Margrétar Kristínar Blöndal 2. nóvember
Heiða Kristín Helgadóttir tók sæti Ágústar Mús Garðarssonar 15. desember

Varamenn

Elsa Hrafnhildur Yeoman
Haukur Jóhannsson
Hanna Lára Steinsson
Lárus R Haraldsson
Óskar Örn Guðbrandsson
Sveinn Hlífar Skúlason
Elín Sigurðardóttir

Breytingar á skipan varamanna

Jórunn Frímannsdóttir tók sæti Óskars Arnars Guðbrandssonar 16. nóvember
Heiða Kristín Helgadóttir tók sæti Elsu Hrafnhildar Yeoman 7. desember
Bjarnveig Magnúsdóttir tók sæti Heiðu Kristínar Helgadóttur 15. desember

Starfsmenn Velferðarsviðs sem sátu fundi

Stella K. Víðisdóttir sviðsstjóri
Ellý A. Þorsteinsdóttir skrifstofustjóri
Hörður Hilmarsson skrifstofustjóri
Hulda Dóra Styrmiðsdóttir skrifstofustjóri
Helga Jóna Benediktsdóttir lögfræðingur
Auk ofantaldra sitja framkvæmdastjórar þjónustumiðstöðvanna fundina til skiptis og inn á fundi koma sérfræðingar sviðsins með kynningar á ólíkum verkefnum sviðsins.

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur

Á árinu hélt barnaverndarnefnd 26 fundi. Að auki var haldinn einn sameiginlegur fundur velferðarráðs og barnaverndarnefndar.

Í barnaverndarnefnd sátu eftirtaldir fulltrúar til 1. júlí:

Halldór Frímannsson formaður
Kolbrún Baldursdóttir
Dögg Proppé Hugosdóttir
Salvör Gissuraróttir
Guðlaug Magnúsdóttir

Varamenn

Svanhvít Axelsdóttir
Katrín Helga Hallgrímsdóttir
Sigríður Heiðar
Þórir Hrafn Gunnarsson
Davíð Stefánsson

Í barnaverndarnefnd frá 1. júlí 2010 sátu eftirtaldir fulltrúar:

Sandra Hlíf Ocares formaður
Halldór Frímannsson
Kolbrún Baldursdóttir
Þórir Hrafn Gunnarsson
Guðlaug Magnúsdóttir

Varamenn

Svanhvít Axelsdóttir
Katrín Helga Hallgrímsdóttir
Guðrún Ögmundsdóttir
Guðni Kristinsson

Starfsmenn Velferðarsviðs sem sátu fundi:

Framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur sat fundi nefndarinnar auk lögfræðings Barnaverndar Reykjavíkur og ritara.

Verkaskipting milli velferðarráðs Reykjavíkurborgar og barnaverndarnefndar Reykjavíkur vegna málefna barna

Fyrir liggja samþykktir fyrir velferðarráð Reykjavíkurborgar frá 7. júní 2005 og barnaverndarnefnd Reykjavíkur frá 20. desember 2005. Barnaverndarnefnd markar stefnu og gerir framkvæmdaáætlun fyrir hvert kjörtímabil á sviði barnaverndar að höfðu samráði við velferðarráð. Reglur um verkaskiptingu milli velferðarráðs og barnaverndarnefndar Reykjavíkur voru samþykktar árið 2004, samkvæmt heimild barnaverndarlaga nr. 80/2002 og heimild laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Verkaskiptingin er eftirfarandi:

Velferðarráð Reykjavíkur

- Stefnumótun og uppbygging úrræða
- Rannsóknir og kannanir
- Almennt eftirlit með aðbúnaði og vinnu barna

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur

- Eftirlit með aðbúnaði, hátterni og uppeldisskilyrðum barna
- Tekur við barnaverndartilkynningum, annast og ber ábyrgð á málsmeðferð og beitir viðeigandi úrræðum samkvæmt barnaverndarlögum
- Eftirlit með heimilum og stofnunum
- Önnur verkefni sem barnaverndarnefndum eru falin lögum samkvæmt hverju sinni





Helstu nýmæli

Nýmæli á sviði verkefna sem færst hafa frá ríki til sveitarfélaga og samþættingar í þjónustu

Þjónusta við fatlað fólk flyst frá ríki til Reykjavíkurborgar

Eitt umfangsmesta verkefni Velferðarsviðs á árinu var undirbúningur á yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til Reykjavíkurborgar. Verkefnið hófst árið 2008 þegar hafinn var undirbúningur að því að borgin tæki við allri þjónustu við geðfatlaða einstaklinga. Yfirfærslunni var stjórnað á landsvísi af verkefnisstjórn sem fulltrúar ríkis, sveitarfélaga og hagsmunasamtaka sátu. Ríki og sveitarfélög skrifuðu undir samkomulag um fjárhagsramma vegna yfirfærslunnar þann 6. júlí 2010 og gengið var frá heildarsamkomulagi þann 23. nóvember. Breytingar á lögum um málefni fatlaðs fólks voru svo samþykktar á Alþingi 17. desember 2010. Í mars 2010 skipaði borgarráð stýrihóp með kjörnum fulltrúum og embættismönnum til þess að hafa yfirumsjón með yfirfærslunni og verkefnisstjóri var ráðinn til þess að halda utan um verkefnið. Áhersla var lögð á samráð við helstu hagsmunaaðila og upplýsingamiðlun í undirbúningsferlinu.

Upplýsingagátt opnaði á vef Velferðarsviðs (www.reykjavik.is/fatladir) og haldinn var fundur um þróun þjónustu við fatlað fólk í Reykjavík. Í júnímánuði voru tólf vinnu- og starfshópar settir á laggirnar til þess að undirbúa flutning þjónustunnar og koma með tillögur um hvernig þjónustunni yrði best fyrir

komið á Velferðarsviði. Starfsfólk sótti námskeið í hugmyndafræði og móttökuáætlun var gerð vegna móttöku nýrra starfsmanna. Í desember var ráðinn tímabundið til starfa tengiliður Reykjavíkurborgar við fatlaða notendur þjónustu í Reykjavík með það að markmiði að efla samráð við notendur og tryggja að rödd þeirra heyrðist. Samstarf við önnur sveitarfélög er talsvert vegna tilfærslu á þjónustu við fatlað fólk. Reykjavíkurborg er aðili að samstarfssamningi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna þjónustunnar við fatlað fólk en markmið samningsins er að stuðla að þróun samstarfs sveitarfélaga og hagræðingu í rekstri með samnýtingu þjónustu og rekstrarþátta. Á árinu var einnig unnið að samningi um myndun þjónustusvæðis með Seltjarnarnesbæ.

Sléttuvegur 3, 7 og 9 – Samþætt þjónusta og einstaklingsbundnir samningar

Á árinu hófst þróunarverkefni um þjónustu við íbúa að Sléttuvegi 3, 7 og 9. Verkefnið skiptist í tvennt, annars vegar að bjóða íbúum einstaklingsbundna samninga og hins vegar að samþætta þjónustuna. Íbúum stóð til boða að gera einstaklingsbundna þjónustusamninga en þar ræður notandinn sjálfur einstaklinga til starfa samkvæmt þjónustumati sviðsins.

Annar hluti verkefnisins fólst í samþættingu þjónustu á eina hendi. Er þar um að ræða þjónustu sem áður var veitt af SSR, þjónustumiðstöð Laugardals – Háaleitis, Heimþjónustu Reykjavíkur og þjónustufyrirtækinu Vinun. Í þessu felst mikið hagræði ekki síst fyrir notandann sem nú leitar einungis í eina þjónustugátt í stað margra með þau mál sem upp kunna að koma. Bætt var við mönnun á öllum vöktum félagsþjónustu og sérstök áhersla var á að bæta mönnun í kringum kvöldmatartíma. Jafnframt hefur verið hægt að auka þjónustu á næturvöktum.

Nýmæli í að auka virkni notenda félagslegrar þjónustu

Virkniráðgjafar

Þann 18. nóvember 2009 voru samþykktar í velferðarráði tillögur til að stuðla að virkni einstaklinga sem njóta fjárhagsaðstoðar. Sex virkniráðgjafar hafa starfað á þjónustumiðstöðvum frá 1. mars 2010 í 5,25 stöðugildum. Hlutverk þeirra er m.a. að bjóða upp á virkniviðtöl og gera áætlanir um virkni, halda utan um kynningarnámskeið, hafa yfirsýn yfir úrræði og stuðning til handa atvinnulausum, bera ábyrgð á þróun og stjórnun verkefnisins. Karlar voru 69% þátttakenda en konur 31%. Þróuð voru sérstök kynningarnámskeið fyrir notendur fjárhagsaðstoðar til framfærslu og sérstakt námskeið, Virknibrú fyrir ungt fólk á aldrinum 18-24 ára. Á árinu voru haldin tíu kynningarnámskeið, það fyrsta í mars og fjögur Virknibrúarnámskeið. Alls þáðu 379 einstaklingar boð um að mæta á kynningarnámskeiðin en 56% þeirra mættu og luku námskeiði.

Ungt fólk og atvinnulíf

Átaksverkefnið Ungt fólk og atvinnulíf hófst í október hjá Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts. Markmið verkefnisins er að hvetja ungt atvinnulaust fólk á aldrinum 18-24 ára sem þiggja fjárhagsaðstoð til virkni. Það hefst með því að koma ungmennum í starfsþjálfun í hverfinu út frá áhugasviði þeirra þannig að þau öðlist starfsreynslu og geti orðið virkir þátttakendur á atvinnumarkaði í framtíðinni. Starfsþjálfunin felur í sér að fyrirtæki bjóða ungmennum til sín í þjálfun í einn til þrjá mánuði, tvo til fimm daga vikunnar. Fyrirtæki greiða ekki laun en þurfa á móti að skuldbinda sig til að veita viðkomandi hagnýta reynslu og innsýn í starfsemi fyrirtækisins. Ef starfsmennar uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til þeirra fá þeir meðmæli og einhverjum tilvikum ráðningu. Að jafnaði hafa verið 10-15 ungmenni í virkri starfsþjálfun hjá fyrirtækjum í hverfinu með mjög góðum árangri.

Átak: virkni, velferð, vellíðan

Á haustmánuðum var hleypt af stokkunum nýju átaksverkefni undir heitinu – Átak: virkni, velferð, vellíðan. Markmið verkefnisins er að efla stuðningsþjónustu með það að leiðarljósi að auka virkni og vellíðan einstaklinga og fjölskyldna sem þurfa á þjónustunni að halda. Starfsmaður átaksverkefnisins vinnur með sérfræðingum Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis við að efla styrk fólks til að nýta þau úrræði sem í boði eru í samfélaginu og bætt geta lífsgæði þess. Verkefni starfsmanns felast í aðstoð við einstaklinga og fjölskyldur við að nýta möguleg úrræði samfélagsins vegna fjárhagslegra, heilsufarslegra og félagslegra erfiðleika. Dæmi um það er hvatning og leiðsögn í daglegu lífi þar á meðal við uppeldi barna, atvinnuleit og vegna húsnæðismála, aðstoð við að panta tíma hjá lækni, Umboðsmanni skuldara og leita ýmissa upplýsinga um réttindi og skyldur.

Aukin lífsgæði karla

Styrkur var veittur úr Virknisjóði til að halda námskeið fyrir karlmenn sem þiggja fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg. Meginmarkmið námskeiðsins snérist að auknum lífsgæðum þátttakenda og er þá átt við að draga úr framkvæmdaleyssi, einangrun, vanlíðan og slakri sjálfsmynd. Leitast var við að virkja karlana á þann hátt að þeir hafi meiri möguleika á að fara út á vinnumarkaðinn eða í önnur úrræði að námskeiði loknu. Námskeiðið var haldið í Þjónustumiðstöð Breiðholts á haustmánuðum 2010 og tókst sérstakega vel. Fjallað var um þætti eins og þunglyndi, kvíða, sjálfsstyrk og samskipti. Þátttakendur á námskeiðinu áttu margir hverjir börn sem þeir voru í litlum samskiptum við og fengu þeir meðal annars aðstoð við að tengjast börnum sínum. Námskeiðið stuðlaði þannig ekki eingöngu að lífsgæðum þátttakenda sjálfrá heldur einnig að auknum lífsgæðum barna þeirra.

Nýmæli í þjónustu við börn og ungmenni

Samhæfing úrræða fyrir börn með hegðunar- og geðraskanir

Undirritaður var samstarfssamningur Heilsugæslunnar í Mjódd, Þjónustumiðstöðvar Breiðholts, Barna- og unglingageðdeildar LSH og Barnaverndar Reykjavíkur um samhæfð vinnubrögð fyrir einstaklinga, börn með hegðunar- og geðraskanir og fjölskyldur þeirra. Fyrirmynd samningsins er þverfaglegt samstarf við Heilsugæsluna í Efra Breiðholti sem hefur reynst afar vel. Helstu markmið samstarfsins snúa að samhæfingu úrræða fyrir einstaklinga, börn með hegðunar- og geðraskanir og fjölskyldur þeirra, þróun nýrra leiða og verklags í þjónustu. Leitast er við að efla samstarf milli heilsugæslu, barnaverndar og velferðar- og skólaþjónustu, sem og að byggja upp þekkingarbrunn um leiðir og úrræði sem nýtast í vinnu með einstaklingum, börnum og fjölskyldum í vanda – t.a.m. með snemmtækri íhlutun barna með þroskafrávik.

Klókir krakkar

Klókir Krakkar (Cool Kids Program), sem var fyrst í boði í Þjónustumiðstöð Breiðholts á árinu 2010, er meðferðarúrræði sem var þróað hjá áströlsku rannsóknarmiðstöðinni Macquarie University Anxiety Research. Klókir Krakkar er stöðluð meðferð við kvíðaröskunum barna og sýnt hefur verið fram á góðan árangur meðferðarinnar. Sex til átta börn og foreldrar þeirra eru saman í hvert sinn.

Ráðgjafinn heim – tímabundið þróunarverkefni

Ráðgjafinn heim er verkefni þar sem faglærður ráðgjafi fer heim til foreldra barna sem sterkur grunur leikur á að hafi ADHD eða sem hafa þegar fengið slíka greiningu. Verkefnið er styrkt af þremur ráðuneytum og varðar börn með ADHD og/eða langveik börn.

Verkefnið stendur til vors 2011. Ráðgjafinn heim aðstoðar foreldra að vinna með krefjandi hegðun barna í raunæðstöðum, s.s. að draga úr hegðunarvanda barns og laða fram jákvæða hegðun. Þjónustan miðast við þarfir hverrar fjölskyldu fyrir sig. Einnig er lögð áhersla á samráð við aðra aðila sem koma að málum viðkomandi barns og fjölskyldu.

Bætt hugsun – betri líðan

Á Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis var í fyrsta sinn boðið upp á námskeið sem nefnist Bætt hugsun – betri líðan. Námskeiðið er ætlað unglingum sem eiga við vanlíðan eða væga depurð að stríða. Á námskeiðinu er þeim kennt hvernig maður sjálfur getur haft áhrif á eigin líðan með því að skoða tengslin á milli hugsana, athafna og líðan. Með fræðslu og leiðréttingu á hugsanavillum er hægt að koma í veg fyrir eða minnka verulega líkur á að unglingar þrói með sér kvíða- og depurðarraskanir.

Nýmæli á sviði Fjölmennningar

Sérstök lögfræði- og félagsráðgjöf við innflytjendur

Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða tók í ágúst við lögfræði- og félagsráðgjöf fyrir útlendinga og innflytjendur sem áður var veitt í Alþjóðahúsi. Hefur þetta starf gefist svo vel að ákveðið hefur verið að þessi ráðgjöf við innflytjendur haldi áfram auk þess að verða einnig veitt í Þjónustumiðstöð Breiðholts árið 2011.

Pólskumælandi þjónustufulltrúi

Í Breiðholti er fjölþjóðlegt samfélag og leita margir af erlendu bergi brotnir eftir þjónustu til Þjónustumiðstöðvar Breiðholts. Pólverjar eru þar fjölmennastir og fáir þeirra hafa gott vald á ensku. Vegna þessa var sótt um fjármagn fyrir pólskumælandi starfsmanni í atvinnuátaksverkefni Vinnumálastofnunar og Reykjavíkurborgar um mitt ár 2010. Pólskumælandi þjónustufulltrúi var ráðinn í sex mánuði. Auk íbúa hefur hann líka verið starfsmönnum borgarinnar til ráðgjafar í þjónustu við pólskumælandi notendur. Verkefnið reyndist vel og hefur nú verið framlengt í samstarfi við Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða.

Fórnlömb mansals

Á árinu 2010 hófst fyrir alvöru þátttaka í félagslegri aðstoð við fórnarlömb mansals. Það hefur reynst margþáttað vinna sem einkum er fólgin í félagsráðgjöf, fjárhagsaðstoð og húsnæðisaðstoð. Bæði hefur verið veitt neyðaraðstoð og reglubundin þjónusta í framhaldi við tímabundið dvalarleyfi á Íslandi. Hefur þessi vinna einnig leitt til mikillar samvinnu við nokkur ráðuneyti og mansalsteymi ríkisstjórnarinnar.

Nýmæli í þjónustu til að bæta lífsgæði utangarðsfólks

Dregið úr skaða (Harm reduction)

Í tengslum við vinnu sviðsins með fólk sem er utangarðs hefur verið lögð áhersla á nálgun sem dregur úr skaða fyrir einstaklinginn eða það sem á ensku er ýmist kallað Harm reduction eða Harm minimisation. Þessi nálgun er einkum notuð með virkum áfengis- og fíkniefnaneytendum. Markmiðið er að draga úr neikvæðum áhrifum sem áfengis- og fíkniefnaneysla hefur á heilsu, félagslega og fjárhagslega stöðu fólks. Reynt er að auka lífsgæði þessa fólks og gefa þeim tækifæri til að hafa áhrif á umhverfi sitt. Megininntak meðferðarinnar er að





mæta einstaklingnum þar sem hann er staddur hverju sinni og styðja hann til jákvæðra breytinga á lífi sínu. Félagsráðgjafi í Dagsetri hefur komið á lagginnar dagsverki í tengslum við Dagsetur í samstarfi við Hjálpræðisherinn. Fólk sem verið hefur utangarðs er virkjað til vinnu að svo miklu leyti sem það getur.

Stuðningsheimili fyrir konur sem áður voru án heimilis

Velferðarsvið opnaði á árinu stuðningsheimili fyrir konur sem hafa verið heimilislausar. Þetta er heimili kvenna sem eru hvað verst settar og erfiðlega hefur gengið að veita þjónustu. Konurnar eru flestar með tvöfalda greiningu, þ.e. áfengissýki og/eða aðra fíkn auk geðraskana. Ekki er gerð krafa um að konurnar séu hættar neyslu áfengis eða annarra vímuefna þegar þær koma í dvöl. Á stuðningsheimilinu eru rými fyrir fimm konur og starfa alls átta starfsmenn við að sinna þjónustu og umönnun við íbúa allan sólarhringinn. Markmið með rekstri stuðningsheimilisins er að skapa konunum öruggt heimili. Gert er ráð fyrir að íbúar séu í tengslum við félagsráðgjafa á þjónustumiðstöð sem vinnur í samvinnu við dvalarkonur og starfsmenn stuðningsheimilisins út frá fyrirfram settum markmiðum í samkomulagi um félagslega ráðgjöf. Lögð er áhersla á góða samvinnu við geðheilbrigðiskerfið, áfengis- og fíkniefnameðferðakerfið og aðra þá sem koma að málum kvenna sem verið hafa heimilislausar.

Verkefni styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna

Sjúkraskráðir einstaklingar, liðan og þjónustupörf

Í maí 2010 var gerð rannsókn á stöðu þeirra sem voru sjúkraskráðir og höfðu þegið fjárhagsaðstoð lengur en í þrjá mánuði. Sjúkraskráðir eru þeir sem þiggja fjárhagsaðstoð og skila inn læknisvottorði til staðfestingar á að þeir geta ekki leitað sér atvinnu. Notuð voru sálfræðipróf til að kanna m.a. einkenni þunglyndis, kvíða, streitu (DASS) og áfallastreituröskunar (PDS). Af þátttakendum var meirihluti (77%) með einkenni þunglyndis og einnig stór hluti með einkenni kvíða (68%). Af þátttakendum merktu 78% við að hafa lent í áfalli sem fellur undir skilgreiningu DSM-IV um áfall og af þeim voru 56% með alvarleg eða mjög alvarleg einkenni áfallastreituröskunar. Niðurstöður benda því til að stór hluti sjúkraskráðra sem þiggur fjárhagsaðstoð þjáist af streitu, vanlíðan og geðrænum vandamálum sem þarfnast sérhæfðrar meðferðar. Ekki er þó hægt að alhæfa út frá þessum niðurstöðum heldur lýsir þetta aðeins þeim hópi sem tók þátt í rannsókninni.

Ungt fólk á námsstyrk

Metin var staða hjá ungu fólki sem þáði fjárhagsaðstoð í formi námsstyrks hjá þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts. Líðan og virkni þeirra var metin með spurningum. Svör hópsins voru borin saman við svör viðmiðunarhóps, sem var ungt fólk á námskeiði Vinnumálastofnunnar. Í ljós kom að hópurinn sem fékk námsstyrk fann frekar fyrir kvíða og streitu en samanburðarhópurinn hjá Vinnumálastofnun. Þessi hópur átti einnig við meiri félagslega erfiðleika að stríða. Ekki kom fram munur á áfengis- og fíkniefnaneyslu eða andlegri vellíðan einstaklinga í hópunum. Aðspurð sagði unga fólk að námsaðstoðina hafa nýst vel og flest átti það sér það markmið að ljúka frekara námi.

Könnun um þróun og nýsköpun – Þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar 2005 – 2010

Verkefni þetta var unnið í samstarfi við Stofnun stjórnsýslu og stjórnmála við HÍ. Sjónum var beint að þróun þjónustumiðstöðva og þeirri nýsköpun sem þar hefur átt sér stað sl. fimm ár. Nemendur beindu athygli að notendum þjónustunnar og upplifun þeirra. Niðurstaðan er að starfsemi þjónustumiðstöðva einkennist af nýsköpun og að þær hafa lagt sitt af mörkum til eflingar félagsauðs og hverfavitundar. Samkvæmt könnuninni hafa þjónustumiðstöðvar Reykjavíkur náð góðum árangri í uppbyggingu á samþættri þjónustu á sl. fimm árum.

Hverju bætir skimun við þjónustu skólaskrifstofa?

Markmið verkefnis var m.a. að skoða og svara spurningum um skimanir, s.s. um samband milli skimana og greiningar, hverjar algengustu niðurstöður séu í skimunarmálum, hvernig skimunarferlið gangi og hvort þurfi að breyta því, um biðtíma eftir greiningu og um ástæður tilvísana. Margar skimunarskýrslur leggja til mörg hagnýt ráð, meðferð og úrræði hafa oft en ekki verið sett í gang í kjölfar skimunar.



Chief innovations in the field of projects that have been transferred from the State to municipalities, and integrations in services

Services to disabled individuals transferred from the State to the municipalities

One of the Department of Welfare's most extensive projects this year was to prepare for the transfer of matters regarding the disabled from the State to Reykjavik City. The project began in 2008 when the State and the City signed a memorandum of understanding to the effect that the City was to take over all services to mentally disabled individuals. The transfer was managed at a national level by a project management formed by representatives of the State, the involved municipalities, and invested organizations.

On the 6th of July 2010 the State and the municipalities signed an agreement on a financial framework regarding the transfer, and on the 23rd of November a comprehensive contract was completed. Amendments to legislation regarding the disabled were passed by the parliament on the 17th of December 2010. In March 2010 the City Council appointed a steering group to supervise the transfer and a project manager was hired to run the project. During the preparations, focus was on consultation with the main players and the distributing of information. The Department of Welfare opened an information portal on its website (www.reykjavik.is/fatladir), and a meeting was held on the development of services to disabled people in Reykjavik.

Twelve working groups and task forces were put together in June in order to prepare for the transfer of the services and to make suggestions on how best to integrate them in the Department. The staff participated in a seminar on ideology, and a reception plan was made for receiving new members of staff. A temporary contact person was hired in December to liaison between the City and disabled users of services in Reykjavik, in order to encourage further consultation with users and to ensure that their voices are heard. Collaboration with other municipalities is considerable because of the transfer of services to the disabled. Reykjavik City is party to a cooperation agreement between the municipalities of the Greater Reykjavik Area with regard to services to the disabled, and the objective of this agreement is to promote the development of collaboration and streamlining the operations by pooling services and operational factors. Also on the drawing board this year was an agreement on establishing a service area with Seltjarnarnesbær.

Sléttuvegur 3, 7, and 9 – Integrated services and individual contracts

This year a development project regarding services to residents of Sléttuvegur 3, 7, and 9 was launched. The project is twofold; on one hand the intention is to offer the residents individual contracts, and on the other to integrate these services. Residents themselves can now make service contracts catering to their individual needs and hire individuals to work in accordance with the Department's service evaluation procedures. Another part of this project involves integrating the services into one single body. These services are services formerly provided by the State, the Laugardalur and Háaleiti Service Centre, Reykjavik Home Services, and Vinun company. The benefits are great, especially for the users, who now can simply turn to one, single service portal with their issues, instead of several, as was the case before. Staff was added to all shifts in social services, and special emphasis was put on adding personnel to shifts around dinner time. In addition to this, services during night shifts have been improved.

Innovation regarding increasing participation among the users of social services

Participation counselors

On the 18th of November 2009 the Welfare Council approved proposals to support participation among individuals receiving financial support. Six participation counsellors have worked within the City's Service Centres since the 1st of March 2010 in 5.25 full-time units. Their role is to offer interviews and make plans for participation, manage introductory courses, oversee resource and support for the unemployed, in addition to being responsible for the development and management of the project. Ten introductory courses have been held from March to December. A total of 379 individuals accepted the offer of participating in these courses, but only 56% attended and finished the course. 69% of participants were men, and women accounted for 31%. Special courses were developed for the users of financial support with regard to the essentials of living, and a special course called Virknibrú was offered to young people aged 18-24. Ten introductory courses were held this year (the first one in March) and 4 Virknibrú courses.

Ungt fólk og atvinnulíf [Young People and the Job Market]

The campaign: Ungt fólk og atvinnulíf started in October in the Árbær & Grafarholt Service Centre. The goal is to activate young, unemployed people, aged 18-24, who are receiving financial aid.

The young people in the neighbourhood are provided with internship positions relating to their fields of interest so they can gain some work experience and become active on the job market in the future. This vocational training involves companies offering these young people training for 1-3 months, 2-5 days a week. The companies do not pay their trainees a salary but must commit to provide them with practical experience and insight into the companies' operations. If the trainees manage to successfully perform the tasks given to them, they will receive a letter of recommendation, and in some cases – a contract. As a general rule 10-15 young people have taken active vocational training with companies in the neighbourhood with good results.

Átak : virkni, velferð, vellíðan [Campaign: Activity, Welfare, Well being]

A new campaign called Átak: virkni, velferð, vellíðan was introduced this autumn. The aim of this project is to boost supportive services in order to increase activity and well-being among individuals and families who need these services. The campaign representative works with specialists from Þjónustumiðstöð Laugardals and Háaleitis to empower people to use available resource in society and to improve their quality of life. The project representative is responsible for assisting individuals and families to use society's resource regarding financial, health and social difficulties. An example of this is encouragement and guidance in daily life, such as in raising children, job-searching, housing, assistance with making appointments with the doctor or the Debtor's Ombudsman, and to find various information on rights and duties.

Improved quality of life for men

Funding was provided from Virknisjóður [Participation Fund] to hold a seminar for men receiving financial support from Reykjavik City. The main goals of the seminar related to increased quality of life for the participants – involving reducing inactivity, isolation, dejection, and poor self-image. An effort was made to stimulate the men in a way that would increase their chances on the job market or in other arenas after completing the seminar. The seminar was held in the Breiðholt Service Centre in the autumn of 2010 with great success. The seminar touched on topics such as depression, anxiety, empowerment, and communication. Many of the participants have children with whom they have been in little contact with, and they were assisted in reconnecting with their children. Thus, the seminar not only improves the quality of life for the participants, but also for their children.

Innovation in services to children and youths

Coordinating resources for children with behavioural and mental disorders

A cooperative agreement was signed with the Mjódd Health Care Clinic, the Breiðholt Service Centre, BUGL – the Children and Adolescent Psychiatric Ward of LHS, and the Reykjavik Child Welfare Agency, on coordinating procedures regarding individuals, children with behavioural and mental disorders and their families. The blueprint for this agreement can be traced to collaboration with the Efra Breiðholt Health Care Clinic, which has produced some very good results

The main goals of the cooperation revolve around coordinating resources for individuals, children with behavioural and mental disorders and their families, the development of new ways and methods with regard to service. The intention is to encourage collaboration between primary health care, child protection services, and welfare and school services, in addition to establishing a resource of knowledge for working with individuals, children and families in trouble – for instance with early intervention regarding children with developmental delays.

The Cool Kids Program

Klókir Krakkar or the Cool Kids Program, which was first offered in the Breiðholt Service Centre in 2010 is a treatment developed by the Australian research centre Macquarie University Anxiety Research. Cool Kids is a program that teaches children to manage anxiety and it has proved very successful. Children are treated in groups of 6-8 with the active participation of their parents.

Ráðgjafinn heim [The Counsellor Home] – a temporary development project

Ráðgjafinn heim is a project where a trained counsellor visits parents of children who are considered to have ADHD, or who have already been diagnosed with ADHD. The project is funded by three Ministries and involves children with ADHD and/or children suffering from long-term illness. This project will continue until the spring of 2011. Ráðgjafinn heim assists parents in working with their child's demanding behaviour in real situations, such as minimising behavioural problems and encouraging positive behaviour. The service is adapted to the needs of each individual family. In addition, emphasis is placed on consulting all other parties involved in the case of each particular child and family.

Bætt hugsun – betri líðan [Improved thinking – improved health]

The Laugardalur and Háaleiti Service Centre offered for the first time a course called Bætt hugsun – betri líðan. The course is intended for adolescents who suffer from dejection or mild depression. The course teaches them how they can in fact influence how they feel by looking at the relationship between thought, action and state of mind. It is possible to prevent, or at least minimise the chances of adolescents developing anxiety and depression disorders by educating them and correcting errors in thinking.

Innovation in the field of multiculturalism

Special legal advice and social counselling for immigrants

In August the Miðborg and Hlíðar Service Centre took over the legal advice and social counselling for foreigners and immigrants from Alþjóðahús. This has been such a success that decisions have been made to continue offering this service in 2011, in addition to setting up the same sort of service in the Breiðholt Service Centre.

A Polish-speaking representative

Breiðholt has a multicultural society and many of those who seek services in the Breiðholt Service Centre are of foreign descent. Most of these people are Polish and very few of them are proficient in English. Therefore, funding was requested in the middle of 2010 for a Polish-speaking representative for the joint effort of the Directorate of Labour and Reykjavik City regarding employment. The Polish-speaking employee was hired for a 6-month period. In addition to helping residents, he has been on hand for City officials with regard to services to Polish-speaking users. The project has been a success and has been extended in collaboration with the Miðborg and Hlíðar Service Centre.

Victims of human trafficking

In 2010 a significant effort was made to deliver social assistance to victims of human trafficking. This has proved to be a complex task that involves social counselling, financial support, and housing solutions. Emergency help and regular services have been provided, following temporary residence permits. This has also led to extensive collaboration with several Ministries and the Government's Human Trafficking team.

Innovations in services to improve the quality of life for the homeless

Harm reduction

In the Department's work with homeless people, emphasis has been on an approach that reduces harm to the individual, or so-called harm reduction or harm minimisation. This approach is especially used when working with active alcoholics and drug addicts. The goal is to reduce the negative effects of alcohol and drug abuse on health, and people's social and financial standing. Attempts are made to improve these people's quality of life and to give them a chance to influence their environment. The main content of the treatment is to meet the individual where he/she is at each given time, and to support him/her to positive change in his/her life. A social counsellor in Dagsetur has started an activity programme in cooperation with the Salvation Army. People who have been outside or on the fringes of society are activated to work, as far as their abilities and condition will allow.

Support home for women who used to be homeless

